



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2019

HÖNN2SA05 Saumur, framhald

Kennari:	Helga Jóhannesdóttir	Sk.st.	HJ
-----------------	-----------------------------	---------------	-----------

Áfangalýing:

Nemendur hanna alklæðnað út frá saumtækniþrúfum. Byrjað er á því að vinna hugmyndaspjald og fatahugmyndir þróaðar út frá því. Textílefni eru valin til að gera tilraunir með, einskona teikning með saumavélarnálinni. Skissuvinna er æfð út frá þrúfunum og í framhaldi af því æfð tiskuteikning og flöt teikning. Unnið er með grunnsnið og einfaldar breytingar á þeim. Nemandi skal þróa eigin flíkur, eina á efri líkama og hina á neðri. Valin er aðalflík sem verður lokaverkefni, hin flíkin er aukaverkefni. Lokaverkefnið skal fullvinna og hanna myndræna vinnulýsingu með henni. Nemendahópurinn útbýr sýningu eða ústillingu í annarlok, sem lokapátt hönnunarferils síns. Stefnt er að einni vettvangsferð á önninni.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Heiti sniðhluta, þráðréttu og mikilvægi merkinga
- Notkun grunnsniða
- Máltöku
- Aðferð við mælingu á efnisþörf - hve mikið efni þarf í hverja flík
- Saumi á einfaldri flík
- Gildi verklýsinga
- Grunnatriðum í saumtækni

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að breyta tilbúnu sniði eftir eigin málum og hönnun
- Að nota heiti sniðhluta og notkun merkinga
- Að leggja snið á efni þannig að þráðlína sé rétt og að fataefnið nýtist vel
- Að sniða og sauma efni í einfaldar flíkur eftir eigin málum og hönnun
- Að vinna eftir verklýsingum
- Að geta skissað hugmyndir sínar á einfaldan hátt - myndræn lýsing á eigin hönnun

-----Athugið að kennsluáætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar-----

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna sjálfstætt með einfaldar sniðútfærslur út frá tilbúnum sniðum
- Reikna út efnismagn í flíkina og allt henni tilheyrandi
- Sauma einfaldar flíkur eftir breyttum sniðum og ganga vel frá öllum saumum
- Vinna eftir eigin verklýsingum og verklýsingum í blöðum
- Geta tamið sér vönduð vinnubrögð

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	janúar	Kynning og skipulag Hugmyndavinna og undirbúningur	Vinumöppugerð Alklæðnaður hannaður
2 - 12	jan. til mars.	Tilraunavinna með pappír og textíl	Prufugerð - saumur Möppuvinna
10 - 14	mars til maí	Framleiðsla og frágangur á flík, allt eftir umfangi Vettvangsferð skipulögð saman Sýning eða kynning skipulögð	Vettvangsferð Sýn. eða kynning Mat unnið jafnóðum út frá dagbók hópanna

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr.7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af textíllager og öllum tækjum, áhöldum og öðrum efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuflíkur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing samin jafnóðum, fullunnin flík, frágangur og markaðssetning.	100%

